

## Kveðjum prentvélina

Tímarit **HJÚKRUNARFRÆÐINGA**  
THE ICELANDIC JOURNAL OF NURSING

Tímarit hjúkrunarfræðinga  
Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími 540 6405  
Bréfsími 540 6401  
Netfang [christer@hjukrun.is](mailto:christer@hjukrun.is)  
Vefsíða [www.hjukrun.is](http://www.hjukrun.is)

Útgefandi: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga  
Sími skrifstofu 540 6400

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Christer Magnusson

Tekið er á móti efni til birtingar á netfanginu  
[christer@hjukrun.is](mailto:christer@hjukrun.is).  
Leiðbeiningar um ritun fræðslu- og fræðigreina  
er að finna á vefsíðu tímaritsins.

**Ritnefnd**  
Ásta Thoroddsen  
Bergþóra Eyólfsdóttir  
Dórothea Bergs  
Kolbrún Albertsdóttir  
Oddný S. Gunnarsdóttir  
Vigdís Hrönn Viggósdóttir  
Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir

**Fréttafni**  
Aðalbjörg Finnbogadóttir, Christer Magnusson,  
Lára Borg Ásmundsdóttir o.fl.

**Ljósmyndir**  
Bart Verweij, Christer Magnusson,  
Evelyn Hockstein, Háskólinn á Akureyri,  
Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Jonathan  
Stern, Julie Meese Arbsa, Karl Eskil Pálsson o.fl.

**Prófork og yfirllestur**  
Ragnar Hauksson

**Auglýsingar**  
Guðrún Andrea Guðmundsdóttir, sími 540 6412

**Hönnun**  
Þór Ingólfsson, grafískur hönnuður FÍT

**Prentvinnsla**  
Litróf  
Upplag 4100 eintök

**Pökkun og dreifing**  
Póstdreifing



Christer Magnusson.

Með þessu blaði lýkur prentunarsögu Tímarits hjúkrunarfræðinga. Næsta tölublað, sem kemur um miðjan júní, verður einungis gefið út rafrænt.

Í 79 ár hafa félagsblöð hjúkrunkvenna og hjúkrunarfræðinga, hvað sem blaðið hefur heitið á hverjum tíma, verið prentuð í prentsmiðju. Fyrstu 11 árin var Tímarit félags íslenskra hjúkrunkvenna vélritað og fjölritað en frá 1936 hefur blaðið, sem þá hét Hjúkrunkvennablaðið, verið brotið um, fyrst í prentsmiðju og svo í tölvuforriti. Blaðið verður áfram brotið um á svipaðan hátt en stærð og hönnun breytist til að gera blaðið auðlesnara í spjaldtölvum og snjallsímum. Þessi breyting er gerð til þess að laga blaðið að þeim tækjum sem félagsmenn nota nú til þess að leita sér þekkingar og upplýsinga – tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum – en einnig til þess að draga úr kostnaði. Að auki gerir blaðið nú sitt til þess að fella þurfi færri tré og aka þurfi minna af pappír á ruslahaugana.

Í þessu tölublaði er haldið áfram að fjalla um verkjameðferð og í þetta skipti er farið yfir mat á langvinnum verkjum. Tvær áhugaverðar fræðigreinar eru í blaðinu. Rannsóknir um reynslu sjúklinga af þjónustu hjúkrunarfræðinga fjalla oft um afmörkuð svið, hér um komu á kynsjúkdómamóttöku, en yfirleitt má yfirfæra niðurstöðurnar á það svið sem lesandinn vinnur á. Að vísu eru kynsjúkdómar líklega meira feimnismál en margt annað, en spennuna við að fara á sjúkrahöfnun og léttinn, þegar niðurstaða er komin, könnumst við öll við. Hin fræðigreinin fjallar um mál sem hefur verið mikið rætt meðal hjúkrunarfræðinga – lyfjagjöf án þess að fyrir liggi fyrirmæli lækna. Hjúkrunarfræðingar stunda þetta til hagræðingar fyrir sjúklinginn en allir vita að slík lyfjagjöf er á gráu, ef ekki svörtu, svæði lagalega séð. Það er fagnaðarefni að umfang slíkrar lyfjagjafar hefur nú verið almennilega rannsakað. Niðurstöður sýna að hjúkrunarfræðingar á Landspítala láta sjúklinga hafa talsvert af verkjalyfjum og svefnlyfjum án fyrirmæla, sérstaklega á kvöldin. Þær ættu að vera tilefni til skipulagsbreytinga, til dæmis að ávallt sé hægt að ná í lækni að kvöldi til eða þá að veita hjúkrunarfræðingum almennt leyfi til þess að ávísa slíkum lyfum eftir þörfum.

Í tilefni 90 ára afmælis blaðsins eru birtar nokkrar gamlar greinar. Minnt er á gamlar umræður um að ávarpa hjúkrunkonur með orðinu „systir“ en þetta heiti náði aldrei útbreiðslu á Íslandi. Þá er grein eftir Þorbjörgu Árnadóttur en hún er merkiskona í hjúkrunarstétt og mun ég segja frá hennar lífshlaupi síðar á árinu. Hún var fyrsta hjúkrunkonan sem hlaut meistaragráðu og ein af fáum hjúkrunarfræðingum sem hafa skrifað skáldsögur.